

Verslunarsvif við Selnesbót

Föst verslun allt árið




Verslunarhús Brynesverslunar á Seyðisfirði reist 1896 og stóð efst á Selnesi. Húsið brann aðfaranótt 20. maí 1906.

„Elektra“, verslunarskip kaupmanns Sig. Johansens, kom hingað fyrir nokkrum dögum, og lagði hér upp nokkuð af vörum, og fór í fyrradag áleiðis til Breiðdals með húsavið og vörur, þar sem kaupmaður Johansen ætlar nú að reisa fastaverzlun undir forustu Bjarna Siggeirssonar, er fór nú með skipinu.

Austri, 30/4 1896

Löggilding

Síðustu tvo áratugi 19. aldar fóru kaupmenn og verslunarfélög að senda skip beint til Breiðdalsvíkur í kaupfélag sem var til mikils hagræðis fyrir íbúana. Áfram var sláturfé þó tekið til Djúpavogs. Kristján 9. konungur staðfesti löggildingu verslunarstaðar við Breiðdalsvík árið 1883 og tók hún gildi 1. apríl 1884.



Löggilding Breiðdalsvíkur sem verslunarstaðar. 8. nóvember 1883.

Hvað á þorpið að heita?

Heiti þorpsins var nokkra stund að festast í sessi. Árið 1883 var löggiltur verslunarstaður: „Selnesbót við Þverhamar í Breiðdal í Suður-Múlasýslu“, og nafnið Selnesbót heyrðist af og til um verslunarstaðinn. Eins var stundum talað um „verslunarstaðinn Þverhamar“. Þetta nafn komst í kastljósið árið 1929 þegar landstjórnin birti áætlun strandferðaskipsins Esju og hafði meðal viðkomustaða Þverhamar en ekki Breiðdalsvík. Um þetta urðu eldheitar umræður í blöðum. Síðan hefur vist engum dottið í hug að festa annað nafnspjald á Breiðdalsvík. Og verður vonandi ekki.

... þegar t. d. einhver einföldningur kaupir sjer farmiða í þeim ásetningi að fara frá Reykjavík til Breiðdalsvíkur, og þessi sami fer út í Esju, þá verður einhver að vera við hendina, til þess að skýra það fyrir manninum, að nú sje engin Breiðdalsvík lengur til, en þar sem hún hafi verið sje nú Þverhamar, og þangað sje hann að fara, og þar verði hann settur í land, hvað sem tautar.

Ísafold, 19. mars 1929.

Fyrsti þorpsbúinn

Brynesverslun á Seyðisfirði hóf árið 1893 að senda vörur til Breiðdælinga. Verslunin hafði aðstöðu í Félags húsinu og var Bjarni Siggeirsson afgreiðslumaður. Árið 1896 hugðist verslunin festa sig enn betur í sessi í Breiðdal. Því var ráðist í að reisa nýtt verslunarhús sem valinn var staður við Selnesbót. Fluttist þá Bjarni þangað og varð þar með fyrsti verslunarstjórinn sem búsettur var í Breiðdal – og fyrsti íbúinn við víkina. Sigurður Johansen á Seyðisfirði eignaðist brátt verslunina við Breiðdalsvík og starfrækti undir stjórn Bjarna Siggeirssonar. Bjarni fékk sjálfur verslunarleyfi árið 1901 og stundaði kaupmennsku til dauðadags, 1903.



Bjarni Siggeirsson.

Bjarni og verslunarhúsið urðu brátt stór þóstur í samfélaginu, bæði í viðskiptalegum skilningi en einnig í félagslegum því Bjarni hafði forgöngu um leikstarf í húsinu og lánaði það til skemmtana- og dansleikjahalds – fyrir aldamótin var þar leikið leikritið Vesturfarnir.



Fólk og gestir á Selnesi í upphafi 20. aldar. Hér stóð vaggja verslun á Breiðdalsvík og raunar fékk Guðni á Selnesi sjálfur verslunarleyfi árið 1906. Nýtti hann það aðallega til að pantast vörur til eigin þarfa. Á myndinni eru: Þorvarður Helgason síðar á Skriðu, Þórður Benediktsson, Árni Arnason, Guðni Arnason, Helga Sigurðardóttir heldur á Gísla Guðnasyni, Sigríður Jónsdóttir fósturdóttir hjónanna á Selnesi, Sigríður Sigurðardóttir frá Fossgarði, Sigríður Gunnlaugsdóttir tengdamóðir Þorvarðar Helgasonar, Þóra Árnadóttir, Erlendur Eyjólfsson, Sigríður Árnadóttir og Oddný Erlendsdóttir.



Björn R. Stefánsson, verslunarstjóri á Breiðdalsvík 1903-1913 á Litlu Bleiksu Jóns Þórðarsonar í Snæhvammí.


Húsbruni.

Aðfaranóttina 20. f. m. brann verslun- arhús og vörur Kaupfélags Breiðdæla á Selnesi til kaldra kola, einnig mestallt innbú Björns R. Stefánssonar kaupfélags- stjóra, en nokkru af því varð þó bjargað, og sömuleiðis höfuðbókum kaupfélagsins. Eldinn bar svo brátt að, að fólkíð flýði út í nærklæðum einum. Ekkert vita menn um upptök hans. Ritað er úr Breiðdal, að hús og vörur hafi verið vá- tryggt, sömuleiðis innanstoksmunir kaup- félagsstjórans, en svo lágt, að hann bíði mikinn skaða.

Frétt í Þjóðólfi frá 15. júní 1906.

Máttur samtakanna


Árið 1903 bindast bændur í Breiðdal samtökum um stofnun kaupfélags og kaupa verslunarhúsið. Skyldi félagið vera með sölueld, þ.e. að eiga vörur fyrirleggjandi eins og verslanir gera nútildags, öfugt við pöntunarfyrirkomulagið þegar verslanir útveguðu einungis þær vörur sem viðskiptamenn pöntuðu fyrirfram. Áttu aðild að því nær allir bændur í Breiðdal. Fyrsti kaupfélagsstjórinn var Björn Stefánsson en Zöllner kaupmaður í Newcastle var aðalreiðari.



Kaupfélagið í byrjun 20. aldar.

Bruni og snör endurbygging

Aðfaranótt 20. maí 1906 kom upp eldur í húsinu og brann það til kaldra kola, og með því mest af vörum kaupfélagsins, allar verslunarbækur og hluti búslóðar kaupfélagsstjórans. Reist var nýtt verslunarhús það sama haust, skammt frá Félags húsinu. Þetta var tvílyft, bárujárnsklaett timburhús, með kjallara – reisulegt hús og fallett. Eftir 1956 er nýtt kaupfélagshús reis var farið að kalla þetta hús Gamla kaupfélagið og er svo enn í dag.



Virðingargjörð fyrir húseign Kaupfélags Breiðdæla frá því 17. október 1907. Mat hússins var 8 þúsund krónur.



Breiðdalsvík í upphafi 20. aldar.

